



Frístundastarf í Reykhólahreppi

Ágúst 2019



Frístundastarf:

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila.

Frístundastarf á Íslandi einkennist að uppeldisfræði þar sem leikurinn, óformlegt nám, val, samskipti og sjálfstæði barna er í hávegum haft. Frístundaheimilin eru orðin einn af grunnþáttur þjónustu sveitarfélaganna. Mikilvægt er að horfa á barnahópinn sem heild og mæta börnunum þar sem þau eru stödd burt séð frá bakgrunni eða sérþörfum. Því er lögð lykiláhersla á það að fjölbreytt viðfangsefni séu í boði þannig að allir geti fundið eitthvað við hæfi.

Samstarf:

Styrkleikar frístundastarfs eru að vinna í samstarfi við eftirfarandi stoðir samfélagsins:

Skólinn: Samstarf við skóla snýr að því að vinna í sameiningu að hagsmunum barnsins. Ásamt því að geta fengið aðstoð við heimanám eru félagsfærni og hópefli mikilvægir þættir að vinna með bæði innan veggja skólans og frístundar.

Einnig nýtist starfsfólk barna með sérþarfir í frístundastarfi og fylgir stuðningsfulltrúi hópnum í frístundastarf.

Heimilið: Upplýsingaflæði til heimilis þarf að vera gott. Dagskrá frístundaheimilis á að liggja fyrir í upphafi hvers mánaðar og komið á framfæri til foreldra. Facebook síða með mikilvægum upplýsingum er uppfærð reglulega. Foreldrar eru alltaf velkomnir að taka þátt í starfinu með börnunum hvenær sem er.

Frístundastarf vinnur eftir ákveðnum verkferlum og hefur samband við heimilið ef upp koma vandamál eða árekstrar, en einnig eru foreldrar velkomnir að hafa samband hvenær sem er.

Félagasamtök: Félagasamtök geta komið að frístundastarfi með því að nýta frístundatíma í námskeið eða fræðslu. Íþróttæfingar geta komið inn á frístundatíma eða stuttar kynningar.

Mötuneyti: Mötuneyti sér frístundinni fyrir ávaxtahressingu.

Samfélagið: Vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir verða reglulegir viðburðir í vetur til að kynna börnin fyrir nærumhverfi sínu og til að sjá hvað er í gangi í samfélaginu okkar.



Starfsfólk



Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Starfar sem tómstundafulltrúi Reykhólahrepps. Þar hefur hún starfað síðan haustið 2014. En hefur starfað á sviði tómstunda síðan 2006. Hún útskrifaðist úr tómstunda- og félagsmálafræði árið 2013.

Jóhanna er 34 ára gömul og býr í Kaplaskjólí í Fremri Gufudal þar sem hún er fædd og uppalin. Henni finnst skemmtilegt að fara út að hlaupa, fara í gönguferðir og vera með krökkunum sínum. Öll utandyra upplifun er í miklu uppáhaldi þá sérstaklega smalamennskur. Uppáhalds maturinn hennar er Hólabúðarborgari.

Sjöfn Sæmundsdóttir

Fædd og uppalin í Saurbæ í Dölum. 33 ára, tveggja barna móðir. Menntaður reiðkennari, hestafræðingur og tamningamaður. Sjöfn hefur starfað sem reiðkennari frá árinu 2006 og rak reiðskóla fyrir börn í Þorlákshöfn í 7 ár. Áhugamál Sjafnar eru fyrst og fremst hestar og allt sem þeim tengist, svo sem ræktun, keppni og kennsla. Sjöfn á um 80 hesta, 4 ketti, 1 hund og 2 froska. Það skemmtilegasta sem hún gerir er að ferðast um fallega Ísland á hestum.



Hafrós Huld Einarsson:

Hafrós Huld (29 ára) er fædd og uppalin í Fremri Gufudal og býr þar með fjölskyldunni sinni. Hún fylgir barni í frístundastarf sem stuðningsfulltrúi.

Hafrós er bóndi fram í fingurgóma, hún veit mjög margt um kindur og sauðfjárbúskapur er eitt af hennar aðal áhugamáli. Auk þess ræktar hún íslenska fjárhundinn og á mjög marga hunda. (Ekki hægt að setja nákvæma tölu á það því talan er breytileg).

Jamie Lee:

Jamie Lee (34 ára) fæddist í Bandaríkjunum og ólst upp í Hong Kong. Jamie hefur starfað sem umbúða, vef og umhverfishönnuður. Hún starfaði fyrir ýmsa hagsmunaaðila og frjáls félagasamtök, svo sem UN Women og listastofnanir.

Eftir frábæra ferð árið 2014 varð Jamie ástfangin af Íslandi. Árið 2016 flutti Jamie til Ísafjarðar til að stunda meistaranám við háskóla- og Vestfjarða. Í meistararitgerðinni var lögð áhersla á Reykhóla og uppskeru klóþangs. Hún hefur unnið með Jóhönnu við tómstundastarf frá mars 2019. Jamie elskar list, hönnun, ljósmyndun, köfun, dýr, að borða sælgæti, að dansa, sauðburð, að læra um menningu og að segja sögur.



Leikurinn:

Frjáls leikur er uppspretta sköpunar hjá börnum á ólíkum aldri. Hann er mikilvægur þáttur í þroska barna þar sem þau læra um mörk sín og annarra í gegnum leik, auk þess sem þau styrkja sjálfsmynd sína í frjálsum leik og læra mikilvæga samskiptahæfni.

Skipulagður leikur lítur ákveðnum reglum eins og spil og hópleikir. Slíkir leikir hafa margvíslegt menntunargildi og geta stutt við félags-, hreyfi- og málþroska barna.

Stór hluti frístundastarfs snýr að ýmist frjálsum leik, þar sem þau hafa aðgang að hinum ýmsu leikföngum eða regluleik sem fer þá fram í gegnum hópleiki eða spil. Hreyfileikir og samvinnuleikir eru einnig mikilvægur þáttur starfsins.

Óformlegt nám:

Óformlegt nám í frístundastarfi byggir á áhugasviði og þátttöku barna. Formlegt nám er nám sem á sér stað innan menntastofnanna og leiða af sér réttindi eða prófgráðu. Óformlegt nám er hið gagnstæða, á sér stað í frítíma eða með fjölskyldunni þar sem einstaklingurinn lærir af reynslu sinni. Reynslunám liggur einhvers staðar þarna mitt á milli, það getur verið skipulagt og átt sér stað innan menntastofnanna en getur falið í sér óhefðbundnar kennsluaðferðir, vettvangsferðir, upplifun og reynslu. Ásamt þátttöku einstaklingsins.

Val:

Val er eitt af mikilvægum stöðum frístundastarfs. Það ýtir undir sjálfræði þeirra og er í anda barnalýðræðis. Valstöðvar eru settar upp í myndrænu kerfi þar sem börnin geta sett nafnið sitt á stöð sem hentar þeim.

Í frístund á mánudögum og miðvikudögum fer síðasti tíminn í val. Valstöðvar eru meðal annars: leikföng, borðtennis, pool, borðvinna, aðstoð við heimanám, spil, vinabönd, bækur og föndur. Hver valstöð er í 20 mínútur en þá er þeim boðið að skipta um stöð en mega samt halda áfram á sömu stöð.

Reynt er að skipta út stöðvum reglulega og koma með nýjar stöðvar inn.

Félagsfærni:

Auk þess að gefa börnum tækifæri til að leika við vini sína vinnur frístundastarf með félagsfærni barna í gegnum hópleiki og samvinnuleiki. Vísbendingar eru um að það að eignast vini og rækta vináttusambönd í barnæsku leggi undirstöðu fyrir þau sambönd sem einstaklingurinn ræktar síðar á lífsleiðinni. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með börnunum og hjálpa þeim börnum sem eiga erfitt með að eignast vini. Þetta er unnið í samvinnu við foreldra. Frístundaheimilið notar ákveðin verkfæri til að skanna tengsl og má þar nefna tengslakannanir og stöðu barna eftir félagslegu samþykki, ásamt því að starfsfólk fylgist með samskiptum barnanna.

Dagskrá

Frístundastarf fyrir 1.-4. bekk er inni í stundatöflu þeirra og fer fram tvisvar í viku á mánudögum og miðvikudögum. Starfsemi frístundar fer að mestu fram í húsnæði Bata- og hlunnindasýningarinnar eða í gamla mjólkurbúinu. Hinsvegar eru vettvangsferðir og útileikir hluti af starfi frístundar og því mikilvægt að þátttakendur séu klæddir eftir veðri. Uppsetning tímanna er eftirfarandi:



Mánudagar:

12:50 Klúbbar: Börnunum skipt í tvo hópa, annar hópurinn er í hreyfíklúbb í íþróttahúsinu og hinn í rólegri klúbb á hlunnindasýningunni.

13:30 Verkefni dagsins

14:10 Hressing (hressing er í boði þangað til þau fara heim)

14:15-15:00 3x 15 mínútuna valstöðvar

15:00 Heimferð, skólabílar sækja börnin sem fara með skólabíl

Miðvikudagar:

13:30 Klúbbar: Börnunum skipt í tvo hópa, annar hópurinn er í hreyfíklúbb í íþróttahúsinu og hinn í rólegri klúbb á hlunnindasýningunni.

14:10 Hressing (hressing er í boði þangað til þau fara heim)

14:15-15:00 3x 15 mínútuna valstöðvar

15:00 Heimferð, skólabílar sækja börnin sem fara með skólabíl

- *Hópar skiptast á að vera í hreyfíklúbb og rólegri klúbb.*
- *Hópaskipting er endurskoðuð reglulega og tekur mið af þörfum barna og félagslegri stöðu í samráði við foreldra.*

Þegar verkefni dagsins er ákveðið er unnið eftir ákveðnu þema. Megin þemu eftirfarandi:

- Vettvangsferðir og nærsamfélag
- Hreyfing og útivera
- Félagsfærni og samskipti
- Skemmtun

Hvert þessara þema kemur á dagskrá í hverjum mánuði.

Gott að vita

Óveður:

Ef veður er vont er ekki gengið upp í frístundaheimilið, heldur fáum við aðstöðu í skólanum.

Ljósmyndir:

Tómstundafulltrúi mun senda heim eyðublað í upphafi skólaárs, til að athuga hvort birta megi myndir af börnunum á facebook samskiptasíðu frístundarinnar.

Starfsfólk:

Starfsfólk sem vinnur með börnum skal skila inn sakavottorði og skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu.

Eineltisáætlun:

Grunnskóli og frístundarstarf vinna eftir sömu eineltisáætlun sem má finna hér:

<http://www.reykholar.is/skoli/aaetlanir/eineltisaaetlun/> á síðustu blaðsíðu bæklingins má finna einfalda útgáfu af eineltisáætluninni.



Útbúnaður:


Mikilvægt er að vera klæddur eftir veðri og muna eftir húfum og vettlingum yfir vetrartímann.

Það er gott að stilla skólatöskurnar vel því þær koma með okkur upp eftir. Ef börnin eru með stærri búnað eins og fyrir

tónlistarkennslu mega foreldrar setja sig í samband við Jóhönnu sem gerir ráðstafanir.

Það er mjög sniðugt að koma aukabuxum og sokkum í frístund ef föt blotna.

Ef farið verður í vettvangsferðir þar sem krafa er um sérstakan búnað, ss. sundferð er haft samband við foreldra til að láta vita.



Barn mætir ekki/týnist

Barn mætir ekki

- Í upphafi hvers dags er athugað hvort einhver börn séu fjarverandi frá skóla til að hafa nákvæma tölu á þeim börnum sem eiga að fara í frístund. Gengið úr skugga um að barnið eigi að vera á svæðinu.

Leitað að barni

- Ef barn var vissulega á svæðinu er leitað að barni. Starfsmenn skólans eru spurðir hvort þeir hafi séð barnið. Starfsmönnum ber að leita þar til barnið finnst.

Finnst barnið

- **Já:** Starf heldur áfram, rætt um mikilvægi þess að mæta á réttum tíma og láta vita ef manni seinkar. **Verkferli lýkur.**
- **Nei:** Haft samband við foreldra eftir að gengið er úr skugga um að barnið sé ekki á skólasvæðinu.

Haft samband við foreldra

- Leit endurtekin í samráði við foreldra, óskað eftir að foreldrar komi á svæði

Haft samband við lögreglu

- Finnist barnið ekki þrátt fyrir endurtekna leit er haft samband við lögreglu sem tekur við málinu á þessu stigi.

Ferðir með starfsfólki

Starfsmanna- bifreiðar

- Í upphafi skólaárs liggur fyrir undirskrift foreldra, þar sem foreldrar gefa leyfi fyrir því að barnið megi fara með starfsmanni í bíl. Mikilvægt er að allir nemendur séu með þessháttar plagg og að þau séu yfirfarin fyrir ferð.

Ferð skipulögð

- Útbúa/yfjirfara þarf bakpoka sem á alltaf að vera með í skipulögðum ferðum með börnum.
- **Sjúkrataska, GSM sími, viðverulisti með símanúmerum foreldra.**

Öryggis- búnaður

- **Mikilvægt er að ávalt sé farið eftir öryggisreglum varðandi börn í bílum.**
- Barn minna en 150 cm má ekki sýta í framsæti með loftpúða. Barn minna en 135 skal vera á sessu með baki. Bílstjóri ber ábyrgð á því að börn séu ávalt fest í öryggisbelti.

Ferðalagið

- Áður en lagt er að stað skal safna öllum börnunum saman og sjá til þess að öll séu mætt. Mikilvægt er að allir starfsmenn séu upplýstir um fjölda barna.
- Fara þarf yfir ferðalagið með börnunum. Hvert er verið að fara, hvað á að gera þar og til hvers er ætlast af þeim í ferðalaginu. Ef ferðinni er til dæmis heitið í einhverja stofnun eða fyrirtæki gætu gilt ákveðnar umgengnisreglur þar.

Heimferð

- Telja þarf börnin áður en lagt er af stað heim. Það er gert með því að safna þeim saman áður en sest er inn í bílana. Allir starfsmenn þurfa að vera upplýstir um það e feitt hvað barn var sótt, eða fór heim á meðan ferðalagi stóð.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir

Börn undirbúin

- Mikilvægt er að undirbúa börnin vel fyrir fyrirhugaða ferð með því að ræða heimsóknina og skapa góða stemningu. Starfsmenn sem fara með í ferðina þurfa að taka virkan þátt í undirbúning

Lagt af stað

- Útbúa/yfjirfara þarf bakpoka sem á alltaf að vera með í skipulögðum ferðum með börnum.
- **Sjúkrataska, GSM sími, viðverulisti með símanúmerum foreldra.**
- **Fara yfir viðverulista og telja börnin áður en lagt er af stað í ferðina.**

Tilkynna komu hóps

- Þegar komið er á staðinn fer starfsmaður inn á undan og tilkynnir komu hóps fer yfir hversu mörg börn eru á staðnum og hversu margir starfsmenn.

Útskýra reglur

- Starfsmaður fer yfir reglur staðarins með börnunum áður en haldið er inn í húsið. Ítrekaðar eru almennar umgengnisreglur og almenn kurteisi.

Heimsóknin

- Starfsmenn sjá til þess að börnin fylgi reglum staðarins og að þau fylgi hópnum. Þegar heimsókn lýkur er staðarhöldurum þakkað fyrir, gott að fá börnin til að klappa fyrir viðkomandi. Áður en heimferð hefst skal safna börnunum saman í einn hóp og telja börnin. Þetta er tilvalinn tími til að hrósa börnunum fyrir góða þátttöku, áhuga eða frammistöðu eftir því sem við á.

Smávægilegir áverkar

Smávægilegir áverkar

- Smávægilegir áverkar eru áverkar þar sem ekki þarf að leita læknis. ss. blóðnasir, skrámur, mar, skurðir og skeinur. Gert er ráð fyrir að hægt sé að búa um þessa ákverka með búnaði úr sjúkrakassanum sem er á staðnum.

Áverkar kannaðir og gert að sárum

- Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa ef þurfa þykir. Mikilvægt að sýna barninu umhyggju og hlýju.

Treystum við barninu í frekari dagskrá?

- **Já:** Dagskrá heldur áfram. Starfsmenn fylgjast sérstaklega með barni. **Foreldrar látnir vita í lok dags.** **Nei:** Hafa samband við foreldra. Tekin ákvörðun um áframhald í samráði við foreldra.

Fékk barnið höfuðáverka?

- **Já:** Þrátt fyrir að við treystum barninu í frekari dagskrá skal alltaf láta foreldra vita strax ef um höfuð, háls og bakáverka ræðir. **Foreldrar látnir vita strax.** **Áframhaldandi dagskrá metin með foreldrum.**

Í lok dags

- Eftir að hafa upplýst foreldra í lok dags á alltaf að fylla út slysaskýrslu þegar um barn ræðir. Foreldrum er sent afrit af skýrslu. **Verkferli lýkur.**

Alvarlegir áverkar

Alvarleg Slys

- Alvarleg slys eru skilgreind sem áverkar sem þurfa aðhlynningu hjá lækni. Bienbrot, tognanir, andlitsáverkar, brunasár, höfuðáverkar, hálsáverkar, bakáverkar og grunur um innvortis áverka.

Áverkar kannaðir og skyndihjálp

- Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa ef þurfa þykir og veita skyndihjálp. Önnur börn eru fjarlægð af vettvangi.

Eru áverkar lífshættulegir

- **Já: Hringið í 112! Bðið eftir sjúkrabíl. Foreldrar látnir vita.**
- **Nei:** Foreldrar eru látnir vita á eins nærgætin og yfirvegaðan hátt og hægt er. Greint frá atburðum og áverkum og spurningum svarað á eins nákvæman hátt og hægt er.

Beðið eftir forráðamönnum

- Beðið eftir forráðamanni með barninu. Ef áverkar eru ekki lífshættulegir er æskilegast að foreldrar fylgi barninu til læknis til nánari skoðunar.

Slysaskýrslur

- Við fyrsta tækifæri skal fylla út slysaskýrslu og senda afrit á foreldra og skrifstofa@reykholar.is til að vista í skjalasafni sveitarfélagsins.
- Ef um alvarlega áverka ræðir skal óska eftir lögregluskýrslu.

Í lok dags

- Í lok dags skal hafa samband við foreldra og athuga með líðan barnsins. Jafnframt skal tilkynna foreldrum að slysaskýrsla hafi verið fyllt út og þeim boðið afrit.



BRUNA- OG RÝMINGARÁÆTLUN

Tómstundastarf

í Hlunnó

- Yfirgefið bygginguna út um næstu öruggu flóttaleið, rólega og yfirvegað.
- **ALDREI** skal fara á móti reyk eða í gegnum reyk.
- Þegar út er komið skal fara á söfnunarsvæði við Hólabúð. Yfirgefið ekki svæðið fyrr en leyfi hefur verið gefið.
- Ekki fara aftur inn í húsið fyrr en leyfi hefur verið gefið.

Brunaviðvörðun fer í gang.

- Stjórnandi metur ástand.
- Starfsfólk aðstoða gesti í rýmingu.
- Kanna þarf hvort einhver þurfi hjálp á leið út, t.d. ef viðkomandi er í hjólastól, með hækjur, vegna veikinda eða vegna slyss eftir vá.

ELDUR hættuástand

- Stjórnandi hefur samband við Neyðarlínu **1-1-2** og tilkynnir um ástand.
 - Hver hringir?
 - Staðsetning hættu?
 - Hvað er að?
 - Er einhver í hættu- þá hver margir og hvernig?
- Stjórnandi sér til að allir séu komnir út. Starfsfólk aðstoða gesti við að koma sér út.
- Slökkva eld með handslökkvibúnaði ef eldur er viðráðanlegur.
- Lámarka tjón. Loka rými þar sem eldur er til að hefta útbreiðslu reyks ef mögulegt er. **EKKI** opna það aftur.
- **ALDREI** skal fara á móti reyk eða í gegnum reyk.
- Yfirgefið bygginguna.
- Stjórnandi eða starfsmaður tekur á móti slökkviliði og tilkynnir:
 - Hvað kom fyrir
 - Er einhvers saknað, er einhver inni
 - Hvar brennur

Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda

Eineltisáætlun

Máli lokað:

- Þegar máli er lokað skal gera það með formlegum hætti, foreldrar boðaðir á fund og skrifa undir að unnið hafi verið eftir eineltisáætlun.
- Þrátt fyrir að máli sé lokað er mikilvægt að halda strax áfram með fyrirbyggjandi aðgerðir.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Tengslakannanir gerðar reglulega.
- Starfsfólk metur börn út frá félagslegu samþykki.
- Starfsfólk endurskoðar reglulega samskipti sín við börnin, sér hvaða börn fá jákvæð samskipti og hvaða börn neikvæð. Mikilvægt að vinna í að öll börn upplifi jákvæð samskipti frá starfsfólki.
- Samvinnuleikir og hópefli

Grunur um einelti/ samskiptavanda:

- Berist eineltistilkynning eða ef starfsmaður hefur áhyggjur af félagslegri stöðu barns er mikilvægt að bregðast strax við.
- Starfsmenn eru upplýstir um stöðu mála. Haft samband við skóla.
- Foreldrar geta tilkynnt einelti eða samskiptavanda beint til starfsfólks í síma, 6982669 eða með tölvupósti johanna@reykholar.is eða skloastjori@reykholar.is. Einnig er bent á eyðublaðið tilkynning um einelti á vef Reykhólaskóla.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Máli lokað

Grunur um einelti/ samskiptavanda.

Mál endurmetið:
-Inngripi haldið áfram
-Inngripi lokið en eftirfylgd haldið áfram.

Mál kannað, haft samband við foreldra þeirra barna sem mál varðar.

Endurmat:

- Endurmeta þarf mál til að ákveða hvort halda skuli áfram með inngrip eða ljúka því.
- Eftirfylgd er í formið stuðnings við þau börn sem málið varðar.
- Gefa sér góðan tíma í þetta skref.

Inngrip:

- Leiðtoga/vináttuþjálfun inn í hópnum. Samvinnuleikir og hópefli.
- Þemaverkefni um vináttu.
- Einstaklingsþjálfun barna.
- Unnið með börnin sem um ræðir í minni hópum.
- Foreldrar meðvitaðir um mikilvægi þess að hjálpa barninu inn í hópinn, bjóða öðrum börnum heim eða fara í heimsóknir.
- Rætt við börnin sem um ræðir.

Inngrip

Mál kannað:

- Haft samband við foreldra, þeir upplýstir um næstu skref og mikilvægt er að vinna í nánu samstarfi, heimilis, skóla og frístundar.
- Starfsmenn fylgjast vel með barninu í leik og samskiptum við önnur börn.
- Gerð tengslakönnun.
- Ef það er mat starfsmanna og foreldra að ekki sé um samskiptavanda, eða einelti að ræða er máli lokað hér. Farið verður í markvissari fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti.